

# Fundargerð – Stjórn SSNE – 4. fundur – 15. janúar 2020

15.01.2020

Fundur haldinn miðvikudaginn 15. janúar 2020 í zoom fjarfundarbúnaði og hófst fundurinn kl: 13:05. Fundi slitið kl. 15:20.

Fundinn sátu: Hilda Jana Gísladóttir formaður, Helga Helgadóttir, Kristján Þór Magnússon, Helgi Héðinsson sem vék af fundi kl. 15:15, Axel Grettisson, Eva Hrund Einarsdóttir, Sigurður Þór Guðmundsson sem vék af fundi kl. 15:10 og Helga María Pétursdóttir sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

## 1. Heimsókn RHA og HA.

Arnar Þór Jóhannesson og Hjalti Jóhannessonsérfræðingar hjá RHA og Eyjólfur Guðmundsson rektor HA sátu fundinn undir þessum dagskrárlið.

*Hjalti og Eyjólfur kynntu tillögur að áhersluverkefnum.*

*Arnar kynnti niðurstöður úr fýsileikakönnun sem RHA vann fyrir SSNE um sameiningu safna á svæðinu.*

*Stjórn þakkar Arnari, Hjalta og Eyjólfu fyrir heimsóknina.*

## 2. Áhersluverkefni fyrir árið 2020.

Framkvæmdastjóri fer yfir verklagsreglur vegna áhersluverkefna.

*Framkvæmdastjóra falið að útfæra tillögur að breyttum verklagsreglum.*

*Framkvæmdastjóra og verkefnastjóra menningarmála falið að halda utan um áhersluverkefni sem berast.*

### **3. Skipulagning nýrra samtaka.**

Reinhard Reynisson framkvæmdastjóri Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga sat fundinn undir þessum dagskrárlið.

Framkvæmdastjórategymi fer yfir stöðu verkefna vegna skipulagningar nýrra samtaka.

*Lagt fram til kynningar.*

### **4. Ráðningarferli.**

Formaður fer yfir stöðu ráðningarferlis.

*Lagt fram til kynningar.*

### **5. Aðgerðahópur um Akureyrarflugvöll.**

Formaður leggur til að Þorvaldur Lúðvík Sigurjónsson, sem tilnefndur var af stjórn í aðgerðahóp um Akureyrarflugvöll, fái greitt fyrir fundarsetu og ferðakostnað í vinnuhópnum.

Minnisblað nefndarmanns lagt fram til kynningar.

*Stjórn samþykkir tillöguna.*

### **6. Tilkynning þar sem fram kemur að Tjörneshreppur verði ekki aðili í Samtökum sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra.**

Formaður fer yfir tölvupóst frá Aðalsteini J. Halldóssyni, oddvita í Tjörneshreppi, þar sem hann tilkynnir að Tjörneshreppur verði ekki aðili í nýjum landshlutasamtökum.

*Stjórn samþykkir erindið og felur framkvæmdastjóra að gera tillögu að uppgjöri sveitarfélagsins gagnvart Eyþingi og leggja fyrir stjórn.*

### **7. Nafnasamkeppni.**

Framkvæmdastjóri kynnir niðurstöður úr nafnasamkeppni samtakanna sem stóð yfir frá 30. desember til 10. janúar sl.

*Stjórn tók ákvörðun um nafn samtakanna - Samtök sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE).*

## **8. Framlenging á viðauka við ráðningarsamning starfandi framkvæmdastjóra.**

Formaður kynnir drög að framlengingu á viðauka við ráðningarsamning starfandi framkvæmdastjóra.

*Stjórn felur formanni að ganga frá tímabundinni framlengingu ráðningarsamnings.*

## **9. Fulltrúi SSNE í verkefnastjórn Landsnets vegna Blöndulínu 3.**

Formaður leggur til að tilnefndur verði varamaður fyrir Sóleyju Björk Stefánsdóttur í verkefnastjórn vegna Blöndulínu 3.

*Stjórn tilnefnir Víði Gíslason sem varamann í verkefnastjórn vegna Blöndulínu 3.*

## **10. Samningur milli SSNE og Strategíu ráðgjafafyrirtækis.**

Formaður kynnir drög að samningi milli SSNE og Strategíu ráðgjafafyrirtækis vegna ráðgjafar við skipulag, stjórnarhætti og rekstur félagsins.

*Stjórn felur formanni að ganga frá samningi við Strategíu ráðgjafafyrirtæki.*

## **11. Tillaga að fundartíma stjórnarfunda frá janúar til júní 2020.**

Framkvæmdastjóri kynnir tillögu að fundartíma stjórnarfunda frá janúar til júní.

*Stjórn samþykkir framlagða tillögu.*

## **12. Efni til kynningar.**

- a) Fundargerð 551. fundar stjórnar SASS.
- b) Fundargerð 877. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga.
- c) Undirritaður samningur um sóknaráætlun Norðurlands eystra 2020-2024.
- d) Sveitarstjórastill nr. 66 úr Mývatnssveit.
- e) Fundargerð 57. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál.

## **13. Önnur mál.**

Framkvæmdastjóri kynnti mögulegt verkefni í stefnumótandi byggðaáætlun fyrir stjórn.

*Stjórn felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.*